

Nd.

454. Nefndarálit

[3. mál]

um frv. til laga um Hagrannsóknastofnun og breyting á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þegar lög nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, voru sett, voru með þeirri löggjöf sameinaðar þrjár stofnanir: Efnahagsstofnunin, Framkvæmdasjóður Íslands og Atvinnuþrófunarsjóður, sem þá fékk nafnið Bygðasjóður.

Ein af meginröksemdum fyrir setningu laga nr. 93/1971 var einmitt þessi sameining framangreindra stofnana, það hagræði, sem af sameiningunni leiddi, og þó einkum þau stórbættu vinnubrögð, sem sameiningin gæti haft í för með sér, þar sem sérfræðingar á sviði hagrannsóknna, áætlanagerðar og fjármagnsráðstafana gætu nú unnið sameiginlega innan einnar stofnunar undir einni stjórn að þessum verkefnum, í stað þess að vera sambandslitlir hver í sínu horni.

Sá stutti tími, sem liðinn er síðan Framkvæmdastofnun var komið á fót, hefur að flestra dómi sannað réttmæti þess, að löggjöf um hana var sett á þann veg, sem gert var. Hins vegar hefur ekkert að höndum borið, sem bendir til þess, að æskilegt væri að kljúfa stofnunina í tvennt, hvað þá að þar væri um brýna nauðsyn að ræða.

Með hliðsjón af framansögðu telja undirritaðir ekki tímabært, að sú breyting verði gerð á starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem í frv. felst, og leggja því til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 7. mars 1974.

Gils Guðmundsson,
fundaskr.

Karvel Pálmason,
frsm.